

## 4. Fundur

*Hafnarnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar á skrifstofu Langanesbyggðar á Bakkafirði kl. 17:00 miðvikudaginn 07.02.07.*

Mættir voru: Jónas Jóhannsson, formaður, Aðalbjörn Arnarsson, Áki Guðmundsson, Björn Ingimarsson, Björn Guðmundur Björnsson og Indriði Þóroddsson.

Dagskrá.

### 1. **Staða framkvæmda.**

Hafnarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála. Fram kom að von væri á rafverktaka á næstunni til að ljúka við raflagnavinnu, Einnig kom fram að niðurstaða sýnatöku úr þekjusteypu hafi leitt til heildarverðfellingar upp á 800.000;- kr. Samið hefur verið um lagfæringu við harðviðarbryggju við Vökvaþjónustu Kópaskers ehf. og verður verkið unnið í næsta eða þar næsta mánuði.

### 2. **Minnisblað frá Siglingastofnun dags. 26.01.07.**

Formaður og hafnarstjóri gerðu grein fyrir umræðu að undanförmu við fulltrúa Siglingarstofnunnar varðandi framkvæmdir við Norðurgarð annars vegar og hafskipabryggju hins vegar. Samþykkt að mæla með lengingu á Norðurgarði um 60 metra (í um 110 metra) og styttingu á hafskipabryggju um 26 metra auk dýpkunar í 8,5 metra á því svæði sem styttingin myndar. Eftir styttingu verður ytri viðlegukantur hafskipabryggju um 60 metrar en innri viðlegukantur um 30 metrar. Varðandi styttingu á hafskipabryggju er þó gerður fyrirvari á um að fengið verði álit Siglingarstofnunnar um þá útfærslu að taka hafskipabryggju í heild sinni en að útskipunarkantur liggja út með Norðurgarði að hluta.

Þessu til viðbótar telur hafnarnefnd nauðsynlegt að dýpka svæðið frá stálpili að Norðurgarði til að athafnarými við ytri viðlegukant nýtist sem best og að grynningar (8,8 m) í innsiglingarennu verði fjarlægðar. Einnig var rædd nauðsyn þess að rýmka snúningssvæði, innan hafnar, til suðurs með dýpkun, þar sem nokkur dæmi væru um að bæði flutningaskip og loðnuskip hafi tekið niður þar.

### 3. **Siglingastofnun – úttekt á slysavörnum í höfnum**

Hafnarstjóri fór yfir úttekt á slysavörnum er Siglingastofnun framkvæmdi á Þórshafnarhöfn og Bakkafjarðarhöfn 18. október 2006 og grein var gerð fyrir með bréfi dags. 19.01.07.

Hafnarvörðum falið að vinna, sem fyrst, að þeim úrbótum sem þörf er á í samráði við hafnarstjóra.

#### 4. **Önnur mál.**

- | Kynnt útlit á nýjum vigtarnótum.
- | Aðstaða Hafnarvarðar á Bakkafirði rædd og hafnarstjóra falið að koma með tillögur í málin.
- | Bláfánavottun rædd og samþykkt að skoða hvað þarf til að vottun fáiist á hafnirnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:28